

Dalabyggð 8. júlí 2021

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála

Borgartúni 21, Höfðaborg

105 Reykjavík

Stjórnsýslukæra vegna máls númer 2008010 Skógrækt á jörðinni Ásgarði í Hvammssveit.

Við undirrituð, eigendur og ábúendur á jörðinni Magnússkógum 3, sjáum ríka ástæðu til að kæra ákvörðun sveitarstjórnar Dalabyggðar sem tekin var þann 10. júní 2021 á sveitarstjórnarfundum undir dagskrárlið 10 er varðar mál númer 2008010 Skógrækt á jörðinni Ásgarði í Hvammssveit.

Við, undirrituð, erum hagsmunaraðilar að þessu máli þar sem við eigum land að fyrirhuguðu skógræktarsvæði og var okkur kynnt málið þann 18. desember 2020 með grenndarkynningu. Þau gögn sem fylgdu grenndarkynningunni voru eftirfarandi og fylgja með þessari kæru: „Skógræktarsamningur Ásgarður“, „Grenndarkynning Anna Berglind“ og „Yfirlit yfir svæði“. Alls 3 skjöl.

Þann 15. janúar 2021 skiluðu undirrituð inn athugasemdum við grenndarkynninguna, og má sjá athugasemdir þeirra, með þessari kæru, undir skjalaheitinu „Svar við grenndarkynningu vegna fyrirhugaðrar skógræktar í landi Ásgarðs“. Þar sjá undirrituð ríka ástæðu til að andmæla fyrirhuguðum áformum landeigenda að Ásgarði er varðar fyrirhugaða skógrækt. Bent var á að gögnin sem fylgdu grenndarkynningunni væru algjörlega ófullnægjandi bæði fyrir sveitarfélagið og hagsmunaaðila til að taka afstöðu til málsins. Mjög erfitt var að átta sig á og/eða gera sér grein fyrir ýmsum þáttum verkefnisins. Bent var á að mjög auðvelt hefði verið með nútímataekni að setja umfang og hæð skógarins inn á ljósmynd og sýna þannig áhrif fyrirhugaðrar skógræktar á umhverfið. Það skal tekið fram að þessari grenndarkynningu fylgdi einungis loftmynd í skalanum 1:12000 og svo grófleg skýrsla um fyrirhugaðar framkvæmdir. Engir hæðarkótar fylgdu þessari umsókn, né nákvæm lýsing á því hvernig svæði kæmi til með að líta út þegar kæmi að nýtingu skógarins.

Undirrituð settu margar skýringar inn í sína umsögn við grenndarkynninguna og sýndu með afgerandi hætti hvaða áhrif þessi framkvæmd kæmi til með að hafa á útsýni og ásýnd svæðisins.

Áður en lengra er haldið verður farið yfir ferli þessa máls innan stjórnsýslu Dalabyggðar.

- Þann 5. febrúar 2021 er bókað í fundargerð umhverfis- og skipulagsnefndar Dalabyggðar eftirfarandi:

Fyrirhuguð framkvæmd hefur verið grenndarkynnt eigendum aðliggjandi jarða og bárust athugasemdir frá landeigendum Magnússkóga III. Auk þess liggja fyrir umsagnir frá Minjastofnun og Vegagerðinni.

Landeigendur Magnússkóga III andmæla fyrirhuguðum skógræktaráformum og telja að framkvæmdin sé það umfangsmikil að gr. 44 um grenndarkynningu geti ekki átt við og gera þurfi grein fyrir skógræktinni í aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Landeigendur benda á að í gr. 6.2. og gr. 7.4.1. í skipulagsreglugerð er gert ráð fyrir sérstökum landnotkunarflokki fyrir skógrækt og landgræðslu og telja landeigendur að nauðsynlegt sé að skógræktarsvæðin fái aðalskipulagsmeðferð bæði á korti og í greinargerð samkvæmt því.

Nefndin bendir á að gert er grein fyrir skógrækt á landbúnaðarsvæðum í Aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016 og telst nytjaskógrækt til landbúnaðar skv. skilmálum skipulagsins. Skógræktarsvæði eru því ekki skilgreind sérstaklega á skipulagsuppdrætti.

Landeigendur telja að gögnin sem fylgdu grenndarkynningu hafi verið ófullnægjandi, bæði fyrir sveitarfélagið og hagsmunaaðila til að taka afstöðu til málsins.

Umhverfis- og skipulagsnefnd telur að skipulagsgögnin hefðu mátt vera ítarlegri, sérstaklega á því svæði sem landeigendur Magnússkóga III gera mestar athugasemdir við, þ.e. hið 64 ha svæði sem er staðsett neðan þjóðvegjar, milli Magnússkóga III og sjávar.

Landeigendur telja ljóst að ef af fyrirhuguðum nytjaskógi, milli Magnússkóga III og sjávar, verður muni það hafa gríðarleg áhrif á útsýni Magnússkógar 3 út á fjörðinn og á þann fjallgarð sem þar er á bakvið og til hliðar við hann.

Nefndin tekur undir áhyggjur landeigenda Magnússkóga III hvað varðar skógrækt á umræddu svæði neðan jarðarinnar. Þar er halli lands lítill og ljóst að framkvæmdin getur haft veruleg áhrif á útsýni.

Með vísan í úrskurð úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 23/2020 leggur nefndin til við sveitarstjórn að veita framkvæmdaleyfi vegna skógræktar í Ásgarði, nema á skilgreindu 64 ha svæði milli Magnússkóga III og sjávar - afgreiðslu þess svæðis er frestað. Við framkvæmd leyfðra svæða skal tryggja að ekki sé gróðursett nær skráðum fornminjum en 15 metrar. Auk þess er þess óskað að framkvæmdaraðili fari eftir ábendingum Vegagerðarinnar varðandi 40 metra fjarlægðarmörk skógræktar að þjóðvegi og 30 metra fjarlægðarmörk að stofnvegi.

Nefndin óskar eftir frekari og ítarlegi gögnum (m.a. með tilliti til ásýndar) frá framkvæmdaraðila og Skógræktinni varðandi svæði sem er skilgreint sem 64 ha nytjaskógrækt milli Magnússkóga III og sjávar.

- Þann 11. Febrúar 2021 samþykkir svo sveitarstjórn Dalabyggðar bókun umhverfis- og skipulagsnefndar (dagsetta 5. febrúar 2021).
- Þann 7. maí 2021 er bókað í fundargerð umhverfis- og skipulagsnefndar Dalabyggðar eftirfarandi:

Í svarbréfi dags. 30. apríl 2021 gerir eigandi Ásgarðs athugasemdir við afgreiðslu 202. fundar sveitarstjórnar þar sem óskað var eftir ítarlegri gögnum varðandi framkvæmdina en hann telur afgreiðsluna ganga í berhögg við afgreiðslu sveitarstjórnar þann 10. desember 2020.

Á fundi sveitarstjórnar þann 10. desember 2020 var staðfest bókun frá 110. fundi umhverfis- og skipulagsnefndar þess efnis að skógrækt væri leyfileg á svæðinu þar sem framkvæmdin falli undir flokk II og III með tilliti til nýrrar flokkunar á landbúnaðarlandi í drögum að endurskoðun á Aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2006. Einnig var bókað að grenndarkynna þyrfti framkvæmdina fyrir aðliggjandi jörðum.

Landeigandi telur að með téðri afgreiðslu, frá 10. desember 2020, hafi sveitarstjórn staðfest að fullnægjandi gögnum hafi verið skilað.

Skipulagsnefnd hafnar þessu enda var óskað eftir ítarlegri gögnum í kjölfar grenndarkynningar þar sem gerð var alvarleg athugasemd við fyrirhugaða framkvæmd. Var það í samræmi við rannsóknarreglu 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Með framkvæmd grenndarkynningar og innsendri athugasemd stofnast nýr þáttur í málinu sem taka þarf afstöðu til.

Afstaða var tekin með því að óska eftir ítarlegri gögnum en stjórnvaldi er heimilt að óska eftir gögnum m.a. með tilliti til upplýstrar ákvörðunartöku.

Auk þess vísar nefndin í 70. gr. náttúruverndarlaga um ræktun, þ.m.t. skógrækt, í kafla um skipulagsgerð, framkvæmdir og fl., en þar segir að þess skal gætt að hún (ræktunin) falli sem best að heildarsvipmóti lands. Ljóst er að fyrirhuguð framkvæmd fellur ekki vel að heildarsvipmóti lands á umræddu svæði og kemur til með að hafa neikvæð sjónræn áhrif.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að afgreiðslu erindis um skógrækt á 64 ha í landi Ásgarðs verði frestað á nýjan leik á grundvelli þess að landeigandi hefur synjað beiðni nefndarinnar um ítarlegri ásýndargögn sem eru forsenda þess að hægt sé að meta grenndarhagsmuni nágranna.

Skipulagsnefnd felur skipulagsfulltrúa auk þess að leita álits Skipulagsstofnunar í málinu.

- 20. maí 2021 er svo eftirfarandi bókað í fundargerð sveitarstjórn Dalabyggðar:

Sveitarstjórn beinir því til umhverfis- og skipulagsnefndar að hún geri á næsta fundi sínum tillögu til sveitarstjórnar um afgreiðslu málsins.

- 4. júní 2021 er svo bókað í fundargerð umhverfis- og skipulagsnefndar Dalabyggðar eftirfarandi:

Fyrir liggur umsókn um framkvæmdarleyfi á 64 ha svæði í landi Ásgarðs frá Skugga-Sveini ehf sem fyrirhugað er að fari undir nytjaskógrækt. Afgreiðslu þessa svæðis var frestað á fundi umhverfis- og skipulagsnefndar þann 5. febrúar sl.

Með vísan í úrskurð úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 23/2020 leggur nefndin til við sveitarstjórn að veita framkvæmdaleyfi fyrir áðurnefnt 64 ha svæði í landi Ásgarðs.

Nefndin metur það sem svo að ekki sé um að ræða matsskylda framkvæmd. Hins vegar bendir nefndin á, með vísan í 6. mgr. 4. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, að gæta þarf að ásýnd og útsýni við tilhögun framkvæmdarinnar. Framkvæmdaraðili hugi að mótvægisáðgerðum sem miði að því að útsýni skerðist sem minnst.

Sigurður Sigurbjörnsson skilar sératkvæði: Með vísan í fyrirbyggjandi gögn í málinu telur Sigurður að hafna beri erindi um framkvæmdarleyfi á téðu 64 ha svæði fyrir neðan Magnússkóga 3.

- Þann 10. júní er svo bókun umhverfis- og skipulagsnefndar Dalabyggðar (þann 4. júní 2021) samþykkt í sveitarstjórn Dalabyggðar með sex atkvæðum gegn einu.

Nú þegar búið er að rekja framkvæmd þessa máls innan stjórnarsýslu Dalabyggðar er ljóst að það verður viðsnúningur í málinu eftir sveitarstjórnarfund Dalabyggðar þann 20. maí 2021.

Komin er niðurstaða í þetta mál, að hálfu Dalabyggðar, og þá vakna spurningar. Framkvæmdaraðili, Skugga-Sveinn ehf, segir í svarbréfi sínu „Ásgarður svarbréf“, sjá meðfylgjandi gögn í málinu, að það séu tvær ástæður fyrir því að hann geti ekki orðið við beiðni um ítarlegri gögn varðandi ásýnd. Önnur skýringin er sú að skógræktin leggi ekki í kostnað við gerð ræktunaráætlunar nema fyrir liggi framkvæmdaleyfi og hin ástæðan sé sú að krafa um frekari gögn samræmist ekki meðalhófsreglu stjórnarsýslulaga sé horft til afgreiðslu annarra umsókna um framkvæmdaleyfi vegna skógræktar í Dalabyggð.

Undirrituð spyrja sig hins vegar hvert markmið grenndarkynningar sé? Er ekki markmið grenndarkynningar að gefa hagsmunaraðilum kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og fá svör við þeim sjónarmiðum áður en til leyfisveitingar kemur? Ef ekki, þá liggur það í hlutarins eðli að grenndarkynning er bæði marklaus og þarflaus ef niðurstaða hennar ætti ekki að geta haft

áhrif á niðurstöðu máls. Undirrituð telja að leyfisveitanda, sem er sveitarstjórn Dalabyggðar í þessu máli, beri að leggja mat á grenndarhagsmuni nágranna á grundvelli framkominna athugasemda og kalla þær athugasemdir m.a. á öflun frekari gagna eða skýringa. Það er í samræmi við rannsóknarreglu 10. gr. stjórnsýslulaga að setja fram ósk um frekari gögn. Er því nokkuð ljóst að eftir sveitarstjórnarfundinn sem haldinn er 20. maí 2021 er það þurrkað út af borðinu að fá þurfi ítarlegri gögn og engin skýring eða rökstuðningur gefin á málinu en fram að þeim tíma hafði það alltaf verið vilji manna bæði í umhverfis- og skipulagsnefnd Dalabyggðar sem og sveitarstjórn Dalabyggðar.

Það er ljóst að allir aðilar málsins telja að þessi nytjaskógrækt muni hafa töluverð áhrif á útsýni undirritaðra. Það geta menn séð ef þeir lesa fundargerðir sem tengjast þessu máli og meira að segja framkvæmdaraðili Skugga-Sveinn ehf. viðurkennir útsýnisskerðingu þar sem það er getið um það í Skógræktarsamningi Ásgarðs að við hönnun skógarins verði tekið tillit til ýmissa þátta t.d. útsýnis frá Magnússkógum 3. En aldrei er sagt hvernig menn ætla að taka tillit til þess. Það er því algjörlega óásættanlegt að mál eins og þetta geti farið í gegn hjá sveitarfélagi án þess að undirrituð fái svör hvernig framkvæma á framkvæmd sem taka á tillit til útsýnis þeirra. Er það virkilega rétt ferli að veita fyrst framkvæmdarleyfi og vinna síðan framkvæmdaráætlun? Er það virkilega nóg að segjast ætla að taka tillit til útsýnis hagsmunaaðila en þurfa svo ekki að fara eftir því, því framkvæmdarleyfi er í höfn?

Framkvæmdaraðili, Skugga-Sveinn ehf, telur að brotið sé á meðalhófsreglu stjórnsýslulaga með því að krefjast frekari gagna. Það ritar framkvæmdaraðilinn í skjalinu „Ásgarður svarbréf“ sem fylgir þessari kæru. Undirrituð spyrja á móti hvort brotið sé á meðalhófsreglu stjórnsýslulaga þar sem skylt er að leita þeirra úrræða sem vægari eru til að ná settu markmiði þegar ákvörðun er íþyngjandi fyrir borgara? Það vekur furðu að framkvæmdaraðili skuli ekki verða við þeirri beiðni að afhenda frekari gögn, þar sem hann er jafnframt oddviti Dalabyggðar. Það verður einnig furðu, bókun sveitarstjórnar Dalabyggðar þann 20. maí 2021, þar sem sveitastjórnin beinir því til umhverfis-og skipulagsnefndar að gera tillögu til sveitarstjórnar um afgreiðslu málsins. En rétt er að upplýsa að þegar hlustað er á hljóðupptökur af sveitarstjórnarfundum (sem finna má á Youtube undir Dalabyggð TV) þar sem þetta mál er rætt, er ljóst að ákveðnir sveitarstjórnarmenn vildu keyra þetta mál í gegn án þess að hafa til þess nægjanleg gögn til að taka ákvörðun, að okkar mati. Teljast það fagleg vinnubrögð?

Ljóst er að undirrituðum hefur aldrei borist nein frekari skýring á þessu máli og getur ekki sætt sig við bókun umhverfis- og skipulagsnefndar þann 4. júní 2021. Þar sem eftirfarandi kemur fram:

Nefndin metur það sem svo að ekki sé um að ræða matskylda framkvæmd. Hins vegar bendir nefndin á, með vísan í 6. mgr. 4. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, að gæta þarf að ásýnd og útsýni við tilhögun framkvæmdarinnar. Framkvæmdaraðili hugi að mótvægisáðgerðum sem miði að því að útsýni skerðist sem minnst.

Undirrituð telja ekki nóg að segja að ekki sé um matskylda framkvæmd að ræða og rökstyðja það ekkert frekar.

Rifjum upp hvert markmiðið með lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 er:

- a) að tryggja að áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd, sem kann vegna staðsetningar, starfsemi sem henni fylgir, eðlis eða umfangs að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar,
- b) að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar.
- c) að stuðla að samvinnu þeirra aðila sem hafa hagsmuna að gæta eða láta sig málið varða vegna framkvæmda sem falla undir ákvæði laga þessara.
- d) að kynna fyrir almenningi umhverfisáhrif framkvæmda sem falla undir ákvæði laga þessara og mótvægisáðgerðir vegna þeirra og gefa almenningi kost á að koma að athugasemdum og upplýsingum áður en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar liggur fyrir.

Undirrituð telja það heldur ekki nóg hjá umhverfis og skipulagsnefnd að benda á með vísan í 6. mgr. 4. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, að gæta þarf að ásýnd og útsýni við tilhögun framkvæmdarinnar. Framkvæmdaraðili hugi að mótvægisáðgerðum sem miði að því að útsýni skerðist sem minnst.

Það er ljóst að ekki er til nein 6. mgr. í 4 gr. laga um mat á umhverfisáhrifum en eiga þarna örugglega frekar við 4. mgr. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Í 6 gr. segir „að sveitarstjórn skuli innan tveggja vikna frá því að fullnægjandi gögn um framkvæmdina berast taka ákvörðun um hvort framkvæmdin skuli háð mati samkvæmt lögum þessum. Við ákvörðun um matskyldu skal sveitarstjórn fara eftir viðmiðum í 2. Viðauka og rökstyðja niðurstöðu sína með hliðsjón af þeim og leiðbeiningum Skipulagsstofnunar skv. 20 gr.“ Síðar í sömu grein segir „Sveitarstjórn skal byggja ákvörðun sína á þeim upplýsingum sem framkvæmdaraðili hefur lagt fram, sbr 2. mgr., og , ef við á, öðrum gögnum um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar. Ef sveitarstjórn ákveður að framkvæmd sé ekki matskyld er henni heimilt að setja fram ábendingar um tilhögun framkvæmdarinnar. Þær skulu byggjast á upplýsingum framkvæmdaraðila um fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir og framkomnum umsögnum.“

Það getur ekki talist eðlilegt að umhverfis- og skipulagsnefnd beini því til framkvæmdaraðila að huga að mótvægisáðgerðum sem miði að því að útsýni skerðist sem minnst. En komi ekki sjálft með kröfur um mótvægisáðgerðir. Nú þegar framkvæmdarleyfi liggur fyrir er ljóst að enginn vilji er til að vinna neinar mótvægisáðgerðir að hálfu framkvæmdaraðila. Enda hefur framkvæmdaraðili sagt það í sínu svarbréfi orðrétt „*Almannahagsmunir og hagsmunir Skugga-Sveins ehf. til að styrkja búrekstur sinn með skógrækt og kolefnisbindingu ættu að veða þyngra en ásynd lands*“. Þegar menn hafa þessa skoðun er ljóst að menn bera litla virðingu fyrir skoðunum undirritaðra.

Til eru lög um náttúruvernd nr. 60/2013. Í 70 gr. hennar segir „*að við ræktun, skógrækt, uppgræðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum. Við gerð áætlana, mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu umsókna vegna leyfisskyldrar ræktunar skal taka afstöðu til þessara atriða*“. Undirrituð telja ljóst að umhverfis og skipulagsnefnd hafi með bókun sinni þann 7. maí 2021 verið komin á þá niðurstöðu að fyrirhuguð framkvæmd félli ekki vel að heildarsvipmóti lands og umræddu svæði og kæmi til með að hafa neikvæð sjónræn áhrif. Undirrituð krefjast svara við því af hverju þetta vegur ekki þungt í lögum um mat á umhverfisáhrifum þar sem nefndin var á þeirri niðurstöðu í maí. Þegar fyrirhuguð framkvæmd víkur frá núverandi byggðarmynstri verður þá ekki að líta til þessarar reglu?

Undirrituð eru hissa á afgreiðslu málsins og telja að það hafi ekki fengið að þróast eðlilega, og að ekki liggi fyrir rökstudd niðurstaða í málinu.

Það er von undirritaðra að þetta mál verði skoðað með tilliti til okkar athugasemda. Það er algjörlega óásættanlegt fyrir landeigendur sem hagsmuni eiga að gæta, að fá ekki svör við mikilvægum spurningum sem óskað er eftir í grenndarkynningu. Það er algjörlega óásættanlegt að stjórnarsýsla Dalabyggðar og þá bæði Umhverfis- og skipulagsnefnd og Sveitarstjórn Dalabyggðar afli ekki þeirra gagna til að geta tekið upplýsta ákvörðun í málinu. Nokkrir sveitarstjórnarmenn hafa tjáð sig um það í pontu að þeir trúu ekki þeim gögnum, þá sérstaklega er varða útsýnisskerðingu, sem undirrituð leggja fram í málinu. En er þá ekki á sama tíma nauðsynlegt að fá frekari gögn í málinu sem afsanni skoðun undirritaðra. Það er því ljóst að það er geðþótta ákvörðun sem ræður niðurstöðu í þessu máli en ekki rökstudd ákvörðun.


Til viðbótar við þau gögn sem undirrituð hafa lagt fram er hér mynd sem sýnir mjög vel landhallann á svæðinu (hægt að sjá hjá Landmælingum Íslands) og eins kemur fram á þessari mynd að umrætt nytjaskógræktarsvæði er í mýrlendi/votlendi. Appelsínugulu línurnar á myndinni sýna 20 m hæð. Þannig að frá sjó og upp á miðjan vegafleggjara eru einungis 20 metrar.



Mynd 1 Hér má sjá landhalla frá sjávarmáli að lögbýlinu Magnússkógum 3, sjá appelsínugular línur. En bilið á milli þeirra táknar 20 metra hækkun.

Framkvæmdaraðila er annt um kolefnisbindingu og ritar mikið um hana í sínu svarbréfi. Á sama tíma vinnur Dalabyggð drög að nýju aðalskipulagi þar sem ritað er um að planta ekki trjám í mýrlendi þar sem ljóst er að tré þurka upp land og þar með eikst kolefnislosun. Einnig er það stefna Dalabyggðar í drögum að nýju aðalskipulagi að planta ekki við sjóinn. Í þessu tilfelli er verið að setja hæðsta skóginn á lægsta punkt jarðarinnar. En það er eins og engum finnist neitt athugavert við þetta.

Staða undirritaðra er þannig í dag að búið er að veita framkvæmdaleyfi á 64 ha nytjaskógasvæði beint fyrir neðan lögbýli undirritaðra, Magnússkóga, og það eru einungis 468 m frá íbúðarhúsinu okkar að fyrirhuguðu nytjaskógarsvæði. Framkvæmdaraðili segir að það verði tekið tillit til útsýnis frá Magnússkógum. Umhverfis- og skipulagsnefnd Dalabyggðar og Sveitarstjórn Dalabyggðar beinir því til framkvæmdaraðila að huga að mótvægisáðgerðum. En enginn getur sagt hvað á að gera. Er það virkilega þannig að undirrituð eiga bara að bíða og sjá hvað tíminn leiðir í ljós?



Mynd 2 Nytjaskógræktarsvæði Skugga-Sveins sem liggur beint undir lögbýli Magnússkóga 3, er undirrituð gera einna helst athugasemdir við.

Undirrituð krefjast þess að úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála felli úr gildi ákvörðun sveitarstjórnar Dalabyggðar frá 10. júní 2021 og sömuleiðis það framkvæmdarleyfi sem sveitarstjórn Dalabyggðar veitti sama dag í máli númer 2008010 Skógrækt á jörðinni Ásgarði Hvammssveit. Inni á vef Skipulagstofnunar er hægt að sjá skjal um hvernig vinna á grenndarkynningar, en þetta skjal ber heitið Leiðbeiningablað 8b. Ljóst er að sú grenndarkynning sem undirrituð fengu stóðst ekki það plan og má þar t.d. nefna að afstöðumynd var ekki í réttum mælikvarða, engar aðalteikningar voru né sambærileg hönnunargögn, engar götumyndir eða önnur skýringargögn sem lýstu framkvæmdinni. Eins hefur ekki verið hægt að fá nánari upplýsingar og svör við ákveðnum spurningum sem komið hafa fram hjá undirrituðum. Að lokum vilja undirrituð benda á að sveitarstjórn Dalabyggðar er skylt að kynna þeim sem hagsmuni eiga að þessu máli (m.a. undirrituðum) niðurstöðu málsins og geta um kærueimildir en undirrituð hafa enga tilkynningu fengið né leiðbeiningar um kæruleiðir. Teljum við því að sveitastjórn Dalabyggðar sé að brjóta á þeim rétti sem okkur er tryggður með stjórnsýslulögum, náttúruverndarlögum, lögum um mat á umhverfisáhrifum og skipulagslögum.

Virðingarfyllst,
Eigendur og ábúendur Magnússkóga 3
Anna Berglind Halldórsdóttir og Ólafur Bragi Halldórsson